# HEILSA OG LÍFSKJÖR SKÓLANEMA Í HAFNARFIRÐI Í INNLENDUM OG ALÞJÓÐLEGUM SAMANBURÐI

Dr. Ársæll Arnarsson

Rannsóknasetur forvarna

Háskólanum á Akureyri

Útgefið á Akureyri í júní 2016

© Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Sólborg við Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími: +354 460 8000

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ....................................................................................................................3
Inngangur ........................................................................................................................5
LÍÐAN Í SKÓLA...............................................................................................................6
Gengi í skóla...................................................................................................................6
Skólalíðan .......................................................................................................................7
Kennurum annt um nemendur........................................................................................8
Traust á kennurum...........................................................................................................9
Þörf fyrir meiri stuðning ...............................................................................................10
LÍKAMSRÆKT ...............................................................................................................11
Hreyfing.........................................................................................................................11
Álit á íþróttatímum .......................................................................................................12
Fræðsla um gildi íþrótta ...............................................................................................13
MATARÆÐI....................................................................................................................14
Morgunmatur ................................................................................................................14
Ávaxtaneysla..................................................................................................................16
Grænmeti ......................................................................................................................17
Nammi............................................................................................................................18
Gos með sykri ................................................................................................................19
Orkudrykkir....................................................................................................................21
Fræðsla um hollt mataræði...........................................................................................22
Megrun...........................................................................................................................23
HEILSA ...........................................................................................................................24
Líkamsmynd...................................................................................................................24
Höfuðverkir....................................................................................................................26
Depurð ..........................................................................................................................27
Svefn..............................................................................................................................29
Tannburstun ..................................................................................................................30
OFBELDI.........................................................................................................................32
Þolendur eineltis...........................................................................................................32
Gerendur eineltis ..........................................................................................................34

Viðbrögð umsjónakennara við einelti ........ 35
Viðbrögð annarra nemenda við einelti ........ 36
Þekking á eineltisáætlun ........ 37
Ótti við einelti ........ 38
Slagsmál ........ 39
VÍMUEFNANEYSLA ........ 40
Reykingar ........ 40
Tóbaksforvarnir ........ 42
Tóbak í vör ........ 42
Áfengisdrykkja ........ 43
Ofurölvun ........ 45
Forvarnir gegn áfengi ........ 46
Kannabisneysla ........ 47
KYNLÍF ........ 48
Kynlíf og smokkanotkun ........ 48
Kynfræðsla ........ 49

# Inngangur

Rannsóknin *Heilsa og lífskjör skólanema* er íslenskur hluti alþjóðlegs verkefnis sem unnið er að tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) og nefnist *Health Behaviour in School-aged Children (HBSC)*. Þetta er ein viðamesta rannsókn samtímans á sviði heilsu og heilsutengdrar hegðunar ungs fólks. Rúmlega 40 lönd tóku þátt í þeirri fyrirlögn sem fram fór árið 2014. Meginmarkmiðið er að auka þekkingu og skilning á heilsu og lífskjörum ungs fólks. Viðfangsefni rannsóknarinnar eru víðtæk en meðal annars er spurt um lífstíl, næringu, matmálstíma, hreyfingu, tómstundir, slys, tannhirðu, líðan, félagsleg tengsl og umhverfi nemenda auk þess sem spurt er um ýmsa áhættuhegðun. Þátttaka Íslands í þessari alþjóðlegu rannsókn mun efla og styrkja til muna störf fræðimanna og fólks sem vinnur að forvörnum ungs fólks.

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri stendur fyrir framkvæmd rannsóknarinnar og fær til þess styrk frá Lýðheilsusjóði, Heilbrigðisráðuneytinu, Rannsóknasjóði H.A. og Háskólasjóði KEA. Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri stýrði rannsókninni frá árinu 2005 en nú hefur Ársæll Arnarsson prófessor í sálfræði við sama skóla tekið við keflinu. Jafnframt taka á annan tug sérfræðinga og háskólanema virkan þátt í verkefninu. Stærstan þátt eiga þó kennarar og skólastjórar þeirra 160 skóla sem lögðu spurningalistana fyrir og að sjálfsögðu þeir nemendur sem gáfu sér tíma til að fylla þá út. Fyrirlögnin gekk mjög vel alls staðar á landinu og er það ekki síst að þakka velvilja og stuðningi skólafólks. Allir almennir skólar landsins, að einum undanskildum, sem hafa nemendur í 6., 8. eða 10. bekk tóku þátt. Alls svöruðu því 11.019 nemendur á landinu öllu.

Í þessari skýrslu eru fyrstu niðurstöður kynntar og staða mála á einstökum stærri sveitarfélögum borin saman við landið í heild. Hver og einn skóli sem tók þátt fær síðan sínar eigin niðurstöður í skýrsluformi. Útkoma nokkurra mælinga er einnig sýnd í samanburði við önnur Evrópulönd – einkum og sér í lagi við hin Norðurlöndin. Sé frekari upplýsinga óskað hvetjum við ykkur til að hafa samband við Ársæl Arnarsson (aarnarsson@unak.is) prófessor við Háskólann á Akureyri. Einnig er hægt að skoða alþjóðlega vefsíðu verkefnisins á hbsc.org.

Með bestu kveðju,

Starfsfólk Heilsu og lífskjara skólanema á Íslandi

# LÍÐAN Í SKÓLA

Unglingsárin eru mjög mikilvægur tími sem hafa mótandi áhrif á flestum sviðum þroska einstaklingsins – þar á meðal á heilsu og vellíðan. Þessum þungvægu árum er að stórum hluta eytt innan veggja skólans. Styðjandi skólaumhverfi er því mjög mikilvægur þáttur til eflingar andlegrar og líkamlegrar heilsu bæði á unglingsárum og þegar fram í sækir.

## Gengi í skóla

Nemendur voru spurðir hvernig þeir héldu að kennurum sínum fyndist þeim ganga miðað við bekkjarfélagana. Af niðurstöðunum má ráða að íslenskir kennarar eru mjög styðjandi við nemendur sína. Flestum finnst þeim ganga betur en í meðallagi – sem samkvæmt ströngustu skilgreiningu getur ekki gengið upp. Fyrir einhverja kann þetta að hljóma eins og að nemendur hafi ekki raunsæja mynd af hæfileikum sínum, en sýnir þvert á móti að kennurum tekst að viðhalda sjálfstrausti meðal langflestra nemenda sem verður seint ofmetið. Að vísu þyngist róðurinn aðeins þegar komið er upp í 10. bekk en þó eru flestir nemendur þar einnig uppfullir sjálfstrausts. Nemendur í Hafnarfirði eru frekar sáttir við sitt gengi – sérstaklega sjöttu bekkingar.

**Hvernig heldur þú að kennurum þínum finnist þér ganga í skólanum miðað við bekkjarfélaga þína?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög vel | 38,1% | 40,7% | 46,8% |
| | Vel | 47,5% | 46,5% | 40,9% |
| | Í meðallagi | 12,6% | 11,1% | 11,3% |
| | Undir meðallagi | 1,8% | 1,7% | 1,0% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög vel | 29,2% | 31,8% | 31,2% |
| | Vel | 44,2% | 42,6% | 47,9% |
| | Í meðallagi | 22,0% | 21,3% | 16,2% |
| | Undir meðallagi | 4,6% | 4,2% | 4,7% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög vel | 26,1% | 28,9% | 29,6% |
| | Vel | 37,0% | 35,2% | 31,7% |
| | Í meðallagi | 29,1% | 28,4% | 30,8% |
| | Undir meðallagi | 7,8% | 7,6% | 7,9% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Skólalíðan

Ein allra ánægjulegasta niðurstaða þessarar rannsóknar er hversu stórt hlutfall nemenda segist líka vel eða þokkalega í skólanum. Einhver smávægilegur breytileiki var milli landshluta og aldurshópa en heilt yfir litið er útkoman afar gleðileg. Munurinn milli landsins alls, höfuðborgarsvæðisins er óverulegur.

**Hvernig líkar þér í skólanum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög vel | 49,0% | 50,8% | 47,8% |
| | Þokkalega | 43,7% | 41,8% | 41,8% |
| | Ekki vel | 5,2% | 5,1% | 8,0% |
| | Alls ekki vel | 2,2% | 2,3% | 2,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög vel | 41,9% | 45,1% | 39,8% |
| | Þokkalega | 48,2% | 45,5% | 49,9% |
| | Ekki vel | 7,0% | 6,6% | 7,0% |
| | Alls ekki vel | 2,9% | 2,8% | 3,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög vel | 44,7% | 46,4% | 42,6% |
| | Þokkalega | 45,6% | 45,2% | 48,6% |
| | Ekki vel | 6,7% | 5,4% | 4,8% |
| | Alls ekki vel | 2,9% | 3,0% | 3,9% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Kennurum annt um nemendur

Nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Mér finnst kennurunum vera annt um mig sem einstakling“. Eins og sést í töflunni hér að neðan eru langflestir nemendur sammála eða mjög sammála þessari fullyrðingu – um 75% nemenda í 6. bekk og 65% í 10. bekk. Meirihluti þeirra sem svarar með öðrum hætti segist hvorki sammála né ósammála. Þetta er mjög jákvæð niðurstaða sem rímar vel við almenna vellíðan nemenda í skólum landsins. Af hafnfirskum nemendum eru það sérstaklega sjöttu og tíundu bekkingarnir sem eru áberandi jákvæðir gagnvart þessari fullyrðingu.

**Mér finnst kennurunum vera annt um mig sem einstakling**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 36,4% | 37,3% | 43,6% |
| | Frekar sammála | 39,2% | 38,0% | 35,3% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 18,9% | 18,8% | 14,2% |
| | Frekar ósammála | 3,4% | 3,7% | 4,8% |
| | Mjög ósammála | 2,0% | 2,2% | 2,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 23,2% | 23,7% | 26,3% |
| | Frekar sammála | 39,5% | 37,9% | 35,6% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 28,3% | 28,6% | 28,3% |
| | Frekar ósammála | 6,1% | 6,5% | 6,4% |
| | Mjög ósammála | 2,8% | 3,2% | 3,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 24,8% | 26,0% | 30,4% |
| | Frekar sammála | 39,3% | 37,6% | 34,9% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 28,0% | 28,6% | 25,9% |
| | Frekar ósammála | 5,7% | 5,6% | 6,0% |
| | Mjög ósammála | 2,2% | 2,1% | 2,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Traust á kennurum

Fullyrðingunni „Ég treysti kennurunum mínum mjög vel" svöruðu langflestir sjöttu bekkingar með afar jákvæðum hætti. Eftir því sem nemendahópurinn eldist verður hann hins vegar neikvæðari gagnvart henni. Þó er mikilvægt að halda því til haga að meðal 10. bekkinga eru aðeins á bilinu 10-15% sem taka neikvæða afstöðu til hennar. Hafnfirskir nemendur greina sig ekki frá öðrum að þessu leyti.

| **Ég treysti kennurunum mínum mjög vel** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Landið allt** | **Höfuðborgarsvæðið** | **Hafnarfjörður** |
| **6. bekkur** | Mjög sammála | 57,6% | 58,3% | 60,4% |
| | Frekar sammála | 26,4% | 25,7% | 25,5% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 10,9% | 10,5% | 9,4% |
| | Frekar ósammála | 3,1% | 3,2% | 3,4% |
| | Mjög ósammála | 1,9% | 2,3% | 1,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **8. bekkur** | Mjög sammála | 32,3% | 31,8% | 33,7% |
| | Frekar sammála | 37,0% | 35,8% | 32,9% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 19,4% | 20,4% | 19,7% |
| | Frekar ósammála | 6,9% | 7,4% | 8,4% |
| | Mjög ósammála | 4,4% | 4,6% | 5,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **10. bekkur** | Mjög sammála | 27,9% | 28,3% | 33,5% |
| | Frekar sammála | 38,8% | 38,2% | 32,0% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 23,0% | 23,5% | 21,8% |
| | Frekar ósammála | 6,5% | 6,7% | 7,9% |
| | Mjög ósammála | 3,8% | 3,4% | 4,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Þörf fyrir meiri stuðning

Þegar nemendurnir voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „Ég þarf meiri stuðning til náms en ég fæ núna (til þess að ná árangri)" kom í ljós nokkuð jöfn dreifing á svarmöguleikanna sé landið í heild skoðað. Nokkur breytileiki er milli landshluta en lítill eftir aldurshópum. Dreifing svara hafnfirskra unglinga er svipuð og gerist annars staðar á landinu.

**Ég þarf meiri stuðning til náms en ég fæ núna (til þess að ná árangri)**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 19,0% | 18,5% | 20,9% |
| | Frekar sammála | 19,6% | 18,4% | 22,3% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 26,7% | 26,6% | 19,9% |
| | Frekar ósammála | 17,8% | 18,0% | 18,5% |
| | Mjög ósammála | 17,0% | 18,4% | 18,5% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 15,2% | 15,9% | 23,3% |
| | Frekar sammála | 20,6% | 20,2% | 20,8% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 26,9% | 25,5% | 23,6% |
| | Frekar ósammála | 20,5% | 20,3% | 15,4% |
| | Mjög ósammála | 16,9% | 18,1% | 16,9% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 17,7% | 18,3% | 23,0% |
| | Frekar sammála | 21,3% | 21,4% | 23,3% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 25,5% | 24,1% | 21,5% |
| | Frekar ósammála | 19,9% | 19,1% | 16,1% |
| | Mjög ósammála | 15,7% | 17,1% | 16,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

# LÍKAMSRÆKT

## Hreyfing

Nemendur voru beðnir um að svara eftirfarandi spurningu: „Af síðastliðnum 7 dögum, hversu marga daga hefur þú stundað líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag?" Sé litið til landsins í heild þá kemur í ljós að flestir nemendur í öllum aldurshópum hafa hreyft sig þetta mikið alla daga vikunnar. Nokkuð dregur úr hreyfingu með hækkandi aldri og tíðni hennar er talsvert breytileg milli svæða. Unglingar í Hafnarfirði virðast líklegri til að hreyfa sig mikið en jafnaldrar þeirra.

**Af síðastliðnum 7 dögum, hversu marga daga hefur þú stundað líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Engan | 4,2% | 3,7% | 3,7% |
| | 1 dag | 4,5% | 4,7% | 4,8% |
| | 2 daga | 7,2% | 7,0% | 5,4% |
| | 3 daga | 12,7% | 12,3% | 11,2% |
| | 4 daga | 14,1% | 14,4% | 13,9% |
| | 5 daga | 17,8% | 17,7% | 14,3% |
| | 6 daga | 13,3% | 13,5% | 13,6% |
| | 7 daga | 26,2% | 26,7% | 33,0% |
| Total | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Engan | 4,3% | 4,2% | 3,2% |
| | 1 dag | 4,7% | 4,5% | 4,4% |
| | 2 daga | 9,4% | 8,9% | 7,9% |
| | 3 daga | 13,6% | 13,2% | 13,2% |
| | 4 daga | 15,5% | 15,1% | 12,6% |
| | 5 daga | 16,7% | 15,8% | 17,9% |
| | 6 daga | 14,1% | 15,0% | 13,8% |
| | 7 daga | 21,7% | 23,3% | 27,0% |
| Total | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Engan | 5,7% | 6,6% | 6,7% |
| | 1 dag | 6,1% | 6,6% | 7,0% |
| | 2 daga | 9,9% | 10,3% | 11,3% |
| | 3 daga | 12,3% | 11,4% | 13,1% |
| | 4 daga | 15,3% | 15,1% | 13,1% |
| | 5 daga | 16,2% | 15,0% | 11,6% |
| | 6 daga | 14,4% | 14,9% | 14,6% |
| | 7 daga | 20,1% | 20,2% | 22,6% |
| Total | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Álit á íþróttatímum

Þátttakendur voru beðnir um að segja álit sitt á íþróttatímunum í skólanum. Vel ríflega helmingur krakkanna í 6. bekk sögðust líka mjög vel við þá og ríflega fjórðungur líkaði vel við þá. Það dregur talsvert úr þessari jákvæðni eftir því sem nemendahópurinn eldist en jafnvel meðal 10. bekkinga eru aðeins á milli 2-6% svarenda sem eru neikvæðir gagnvart íþróttatímum. Hafnfirskir sjöttu bekkingar eru mjög jákvæðir gagnvart íþróttatímunum en að öðru leyti líkjast svörin öðrum stöðum á landinu.

**Hvað finnst þér um íþróttatímana í skólanum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mér líkar mjög vel við þá | 56,6% | 54,7% | 61,5% |
| | Mér líkar vel við þá | 27,4% | 28,9% | 23,1% |
| | Mér líkar hvorki vel eða illa við þá | 11,9% | 11,8% | 10,1% |
| | Mér líkar illa við þá | 2,1% | 2,2% | 2,1% |
| | Mér líkar mjög illa við þá | 1,4% | 1,6% | 2,8% |
| | Ég tek ekki þátt í íþróttatímum í skólanum | ,6% | ,7% | ,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mér líkar mjög vel við þá | 39,7% | 35,4% | 34,5% |
| | Mér líkar vel við þá | 30,9% | 31,0% | 27,4% |
| | Mér líkar hvorki vel eða illa við þá | 19,1% | 20,8% | 22,4% |
| | Mér líkar illa við þá | 5,0% | 6,7% | 8,6% |
| | Mér líkar mjög illa við þá | 4,1% | 5,1% | 6,5% |
| | Ég tek ekki þátt í íþróttatímum í skólanum | 1,2% | 1,0% | 0,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mér líkar mjög vel við þá | 29,8% | 26,7% | 23,4% |
| | Mér líkar vel við þá | 35,0% | 33,7% | 34,7% |
| | Mér líkar hvorki vel eða illa við þá | 21,8% | 24,1% | 28,0% |
| | Mér líkar illa við þá | 5,7% | 6,6% | 7,3% |
| | Mér líkar mjög illa við þá | 4,0% | 4,7% | 3,6% |
| | Ég tek ekki þátt í íþróttatímum í skólanum | 3,6% | 4,3% | 3,0% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Fræðsla um gildi íþrótta

Um tveir þriðju hlutar nemenda töldu sig hafa fengið fræðslu um gildi íþrótta og líkamsræktar. Það hlutfall breyttist lítið eftir landsvæðum eða aldri. Hafnfirskir krakkar telja sig flesta hafa fengið slíka fræðslu en hlutfall þeirra er samt talsvert lægra en á öðrum stöðum á landinu. Það má hins vegar spyrja hvort það skipti einhverju máli því eins og sjá má á spurningu um hreyfingu þá eru hafnfirskir krakkar mjög duglegir.

**Hefurðu fengið fræðslu í skólanum um gildi íþrótta og líkamsræktar?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Já | 65,6% | 65,0% | 61,1% |
| | Nei | 7,9% | 8,0% | 9,7% |
| | Veit ekki | 26,5% | 27,0% | 29,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Já | 61,7% | 59,2% | 52,2% |
| | Nei | 13,2% | 15,4% | 20,2% |
| | Veit ekki | 25,1% | 25,4% | 27,5% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| bekkur | Já | 63,9% | 62,2% | 53,2% |
| | Nei | 17,4% | 18,7% | 23,9% |
| | Veit ekki | 18,7% | 19,1% | 23,0% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

# MATARÆÐI

Heilbrigt mataræði í bernsku og á unglingsárum hefur mikil áhrif á almennt heilsufar, líkamlegan vöxt og andlegan þroska. Þær matarvenjur sem einstaklingurinn tileinkar sér á þessum árum geta fylgt honum fram á fullorðinsár og haft veruleg áhrif á þróun sjúkdóma og lífslíkur.

## Morgunmatur

Nemendur voru spurðir af því hversu oft  þeir borðuðu morgunmat (meira en t.d. mjólkurglas eða glas af ávaxtasafa). Eins og súluritið hér að neðan sýnir var langalgengast að þeir borðuðu morgunmat alla fimm virka daga vikunnar. Á súluritinu má sjá hvernig Ísland kom út í samanburði við Norðurlöndin og heildarniðurstöðu allra rúmlega 40 Evrópulandanna sem tóku þátt. Eins og sjá má borða íslenskir 6. bekkingar morgunmat með foreldrum sínum álíka oft og jafnaldrar þeirra á hinum Norðurlöndunum og aðeins oftar en meðaltal allra Evrópulandanna. Hins vegar er það athyglisvert að strákar virðast í öllum löndum líklegri til að gera það en stelpur.

**Hlutfall 6. bekkinga sem borða morgunmat alla virka daga**



Í töflunni að neðan er svo frekari sundurgreining á gögnunum frá Íslandi eftir aldri og búsetu. Langstærstur hluti unglinganna á öllum landsvæðum borðar morgunmat alla virka daga vikunnar en nokkur munur var milli landsvæða sem ekki virðist vera hægt að skýra með vísan til búsetuþéttleika. Hins vegar áttu öll landsvæðin það sammerkt að algengi þess að unglingarnir borði morgunmat minnkar eftir því sem þau eldast. Í Hafnarfirði virðist þessi mæling ekki skera sig á neinn hátt frá landinu í heild.

**Hversu oft borðar þú venjulega morgunmat (meira en t.d. mjólkurglas eða glas af ávaxtasafa) á VIRKUM dögum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 5,2% | 5,1% | 4,3% |
| | Einn dag | 2,4% | 2,5% | 2,3% |
| | Tvo daga | 2,5% | 2,3% | 2,3% |
| | Þrjá daga | 4,5% | 3,8% | 2,3% |
| | Fjóra daga | 4,7% | 4,6% | 6,0% |
| | Fimm daga | 80,7% | 81,7% | 82,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 7,1% | 6,8% | 7,0% |
| | Einn dag | 2,6% | 2,4% | 2,8% |
| | Tvo daga | 3,8% | 3,4% | 1,7% |
| | Þrjá daga | 6,9% | 7,3% | 7,8% |
| | Fjóra daga | 7,8% | 8,0% | 6,7% |
| | Fimm daga | 71,9% | 72,1% | 74,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 12,0% | 11,4% | 11,5% |
| | Einn dag | 2,8% | 2,9% | 3,3% |
| | Tvo daga | 4,2% | 4,0% | 2,7% |
| | Þrjá daga | 6,1% | 6,0% | 6,3% |
| | Fjóra daga | 6,3% | 6,5% | 7,6% |
| | Fimm daga | 68,6% | 69,1% | 68,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Ávaxtaneysla

Þegar nemendur voru inntir eftir því hversu oft í viku þeir borðuðu ávexti kom í ljós að neyslan var talsverð. Einungis 10-15% þátttakenda sögðust borða ávexti sjaldnar en tvisvar til fjórum sinnum í viku. Eins og taflan hér að neðan sýnir var nánast enginn munur á svörum eftir landinu öllu, höfuðborgasvæðinu eða Hafnarfirði sérstaklega.

| Hversu oft í viku borðar þú ávexti? | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Landið allt** | **Höfuðborgarsvæðið** | **Hafnarfjörður** |
| **6. bekkur** | Aldrei | 1,0% | ,9% | ,3% |
| | Sjaldnar en 1x | 5,1% | 4,5% | 6,0% |
| | Einu sinni | 4,7% | 3,9% | 4,0% |
| | 2-4 daga | 25,5% | 24,6% | 25,3% |
| | 5-6 daga | 20,7% | 21,1% | 19,3% |
| | Daglega | 21,0% | 21,7% | 22,0% |
| | Oft á dag | 22,0% | 23,4% | 23,0% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **8. bekkur** | Aldrei | 1,5% | 1,1% | 2,2% |
| | Sjaldnar en 1x | 5,2% | 4,8% | 7,5% |
| | Einu sinni | 7,8% | 8,0% | 8,9% |
| | 2-4 daga | 31,9% | 31,0% | 28,8% |
| | 5-6 daga | 20,1% | 19,1% | 15,1% |
| | Daglega | 16,1% | 16,7% | 16,8% |
| | Oft á dag | 17,3% | 19,2% | 20,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **10. bekkur** | Aldrei | 1,4% | 1,4% | 2,1% |
| | Sjaldnar en 1x | 4,9% | 4,8% | 5,5% |
| | Einu sinni | 7,8% | 8,2% | 9,8% |
| | 2-4 daga | 29,5% | 28,9% | 27,3% |
| | 5-6 daga | 16,1% | 15,0% | 13,5% |
| | Daglega | 17,8% | 17,8% | 15,6% |
| | Oft á dag | 22,6% | 23,9% | 26,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Grænmeti

Nemendur voru spurðir um það hversu oft í viku þeir borðuðu grænmeti. Nokkur munur var á svörum eftir landshlutum en þess ber að geta að spurninguna er hægt að túlka með mismunandi hætti og skiptir þá máli hvort nemendur tiltaki soðið eða steikt grænmeti í mat eða ekki. Þeim er í raun í sjálfsvald sett hvernig þeir skilgreina þessa neyslu og einhver hluti breytileikans kann að stafa af slíkum mismun. Grænmetisneysla unglinga í Hafnafirði og á öðrum stöðum innan höfuðborgarsvæðisins kann að vera aðeins meiri en á landsbyggðinni.

**Hversu oft í viku borðar þú grænmeti?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 2,5% | 2,2% | 1,7% |
| | Sjaldnar en 1x | 7,8% | 6,6% | 6,5% |
| | Einu sinni | 9,1% | 8,4% | 8,6% |
| | 2-4 daga | 28,7% | 29,0% | 30,2% |
| | 5-6 daga | 19,8% | 19,7% | 18,2% |
| | Daglega | 17,6% | 18,8% | 18,9% |
| | Oft á dag | 14,3% | 15,2% | 15,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 4,0% | 3,2% | 4,7% |
| | Sjaldnar en 1x | 6,0% | 4,8% | 5,6% |
| | Einu sinni | 10,2% | 9,2% | 9,2% |
| | 2-4 daga | 34,7% | 34,7% | 33,5% |
| | 5-6 daga | 19,3% | 19,5% | 17,0% |
| | Daglega | 14,5% | 15,3% | 13,4% |
| | Oft á dag | 11,2% | 13,3% | 16,5% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 2,6% | 2,4% | 3,4% |
| | Sjaldnar en 1x | 5,3% | 4,5% | 5,3% |
| | Einu sinni | 8,6% | 8,4% | 5,9% |
| | 2-4 daga | 29,5% | 27,8% | 27,3% |
| | 5-6 daga | 19,5% | 19,6% | 16,8% |
| | Daglega | 20,4% | 22,0% | 26,1% |
| | Oft á dag | 14,2% | 15,4% | 15,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Nammi

Sælgætisneysla er nokkuð mikil í öllum aldurshópum og á öllum landsvæðum þó vissulega sé hún breytileg. Í heildina má sjá að nemendur í 10. bekk borða meira nammi en þeir sem yngri eru. Munurinn á Hafnarfirði og öðrum stöðum er óverulegur.

**Hversu oft í viku borðar þú nammi?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 3,9% | 4,2% | 2,7% |
| | Sjaldnar en 1x | 28,1% | 28,1% | 27,8% |
| | Einu sinni | 47,1% | 46,6% | 50,2% |
| | 2-4 daga | 16,6% | 17,2% | 13,7% |
| | 5-6 daga | 1,8% | 2,0% | 1,7% |
| | Daglega | 1,7% | 1,3% | 3,4% |
| | Oft á dag | ,7% | ,6% | ,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 4,7% | 4,9% | 6,4% |
| | Sjaldnar en 1x | 23,2% | 23,6% | 24,4% |
| | Einu sinni | 39,5% | 38,1% | 38,7% |
| | 2-4 daga | 26,5% | 27,1% | 23,8% |
| | 5-6 daga | 3,7% | 3,7% | 4,5% |
| | Daglega | 1,3% | 1,5% | 0,8% |
| | Oft á dag | 1,1% | 1,1% | 1,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 6,2% | 6,7% | 6,8% |
| | Sjaldnar en 1x | 20,0% | 20,8% | 23,2% |
| | Einu sinni | 32,6% | 31,9% | 34,4% |
| | 2-4 daga | 33,3% | 32,2% | 27,2% |
| | 5-6 daga | 4,6% | 5,0% | 4,6% |
| | Daglega | 1,9% | 1,7% | 1,5% |
| | Oft á dag | 1,4% | 1,6% | 2,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Gos með sykri

Um fimmtungur nemenda segist aldrei drekka gos með sykri og fjórðungur segist gera slíkt sjaldnar en einu sinni í viku. Unglingar í 10. bekk eru líklegri en aðrir til þess að drekka aldrei gos með sykri en þeir eru jafnframt líklegastir til þess að drekka það oftast. Hafnfirskir unglingar eru kannski örlítið líklegri en aðrir til að vera í þeim hópi sem drekkur gos oftast, þ.e. 5-6 daga í viku, daglega eða oft á dag.

**Hversu oft í viku drekkur þú gos með sykri?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 19,0% | 19,7% | 22,6% |
| | Sjaldnar en 1x | 30,6% | 31,4% | 25,0% |
| | Einu sinni | 22,7% | 23,2% | 25,7% |
| | 2-4 daga | 20,3% | 18,9% | 15,4% |
| | 5-6 daga | 3,4% | 3,4% | 5,5% |
| | Daglega | 2,0% | 1,6% | 2,4% |
| | Oft á dag | 2,0% | 1,8% | 3,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 17,5% | 18,4% | 18,3% |
| | Sjaldnar en 1x | 24,3% | 23,9% | 21,6% |
| | Einu sinni | 22,7% | 22,4% | 20,2% |
| | 2-4 daga | 25,5% | 25,4% | 26,4% |
| | 5-6 daga | 5,5% | 5,6% | 7,6% |
| | Daglega | 2,3% | 2,3% | 2,8% |
| | Oft á dag | 2,1% | 2,1% | 3,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 23,3% | 24,9% | 27,2% |
| | Sjaldnar en 1x | 23,5% | 23,7% | 23,5% |
| | Einu sinni | 19,0% | 17,9% | 15,5% |
| | 2-4 daga | 22,2% | 22,3% | 20,7% |
| | 5-6 daga | 5,8% | 5,3% | 5,6% |
| | Daglega | 2,6% | 2,3% | 3,7% |
| | Oft á dag | 3,6% | 3,7% | 3,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Myndin hér að neðan sýnir hvernig íslenskir 10. bekkingar koma út í samanburði við jafnaldra sína í Evrópu þegar kemur að því að drekka gos með sykri. Heilt yfir koma allar Norðurlandaþjóðirnar mun betur út en aðrar Evrópuþjóðir. Strákar drekka frekar gos með sykri en stelpur.

**Hlutfall 10. bekkinga sem drekka gos með sykri á hverjum degi**



### Orkudrykkir

Neysla á orkudrykkjum vex mjög með aldri unglinganna og um 5% nemenda í 10. bekk neyta þessara drykkja í verulegum mæli. Hafnfirskir unglingar eru ansi drjúgir við þessa drykkju samanborið við aðra.

**Hversu oft í viku drekkur þú orkudrykki?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 84,5% | 85,5% | 80,4% |
| | Sjaldnar en 1x | 11,4% | 10,7% | 14,2% |
| | Einu sinni | 2,1% | 2,1% | 2,4% |
| | 2-4 daga | 1,1% | 1,0% | 2,7% |
| | 5-6 daga | ,3% | ,3% | ,3% |
| | Daglega | ,2% | ,1% | |
| | Oft á dag | ,4% | ,3% | |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 74,6% | 75,3% | 70,2% |
| | Sjaldnar en 1x | 17,6% | 16,8% | 20,5% |
| | Einu sinni | 3,5% | 3,9% | 4,5% |
| | 2-4 daga | 2,5% | 2,3% | 2,2% |
| | 5-6 daga | ,8% | ,8% | 1,7% |
| | Daglega | ,3% | ,3% | |
| | Oft á dag | ,7% | ,6% | ,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 66,1% | 66,3% | 63,4% |
| | Sjaldnar en 1x | 23,8% | 23,2% | 25,5% |
| | Einu sinni | 4,4% | 4,7% | 5,0% |
| | 2-4 daga | 3,5% | 3,3% | 3,4% |
| | 5-6 daga | ,7% | ,9% | ,6% |
| | Daglega | ,3% | ,3% | ,6% |
| | Oft á dag | 1,1% | 1,3% | 1,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Fræðsla um hollt mataræði

Þegar þátttakendur voru spurðir um hvort þeir hefðu fengið fræðslu um hollt mataræði í skólanum kom nokkuð sérkennilegt mynstur fram í svörum – yngri nemendur sögðust frekar hafa fengið slíka fræðslu en þeir eldri. Þetta kallar á ýmsar áhugaverðar vangaveltur sem því miður verður ekki svarað með þessum gögnum. Engin munur er á svörum nemenda frá Hafnarfirði og annarra við þessari spurningu.

**Hefurðu fengið fræðslu í skólanum um hollt mataræði?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Já | 85,5% | 86,0% | 86,9% |
| | Nei | 4,6% | 4,6% | 4,4% |
| | Veit ekki | 9,9% | 9,3% | 8,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Já | 80,7% | 79,0% | 80,8% |
| | Nei | 9,0% | 9,9% | 8,5% |
| | Veit ekki | 10,4% | 11,1% | 10,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Já | 72,8% | 72,3% | 71,6% |
| | Nei | 15,0% | 15,4% | 16,3% |
| | Veit ekki | 12,2% | 12,2% | 12,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Megrun

Nemendur voru spurðir hvort þeir væru í megrun eða að reyna að létta sig á annan hátt. Um tveir þriðju hlutar 6. bekkinga töldu þyngd sína vera í lagi en einungis helmingur 10. bekkinga. Þó draga mætti þá ályktun af þjóðfélagsumræðunni að það væri jákvætt að svo stór hluti nemenda væri að takast á við líkamsþyngd sína er raunin önnur. Í fyrsta lagi eru þær aðferðir sem krakkarnir nota til þyngdarstjórnunar sjaldnast vænlegar til árangurs, heldur þvert á móti eru þær líklegri til að valda þyngdaraukningu þegar fram í sækir. Í öðru lagi er stór hluti einstaklinga í kjörþyngd að reyna að draga enn frekar úr líkamsþyngd sinni.

Krökkum frá Hafnarfirði svipar til annarra að þessu leyti og þau frávik sem sjást virðast ekki tengjast stöðugum þáttum – þannig virðast fleiri áttundu bekkingar en færri tíundu bekkingar frá Hafnarfirði vera að reyna að létta sig en jafnaldrar þeirra.

**Ert þú í megrun eða ert þú að reyna að létta þig á annan hátt?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Nei, þyngd mín er í lagi | 68,6% | 69,7% | 70,4% |
| | Nei, en ég þarf að léttast | 10,3% | 10,0% | 8,3% |
| | Nei, vegna þess að ég þyrfti að þyngjast | 5,1% | 5,3% | 4,3% |
| | Já, ég er að reyna að léttast | 16,0% | 14,9% | 16,9% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Nei, þyngd mín er í lagi | 58,9% | 60,6% | 57,7% |
| | Nei, en ég þarf að léttast | 12,2% | 12,0% | 10,9% |
| | Nei, vegna þess að ég þyrfti að þyngjast | 6,3% | 6,6% | 5,6% |
| | Já, ég er að reyna að léttast | 22,6% | 20,8% | 25,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Nei, þyngd mín er í lagi | 47,4% | 48,3% | 48,0% |
| | Nei, en ég þarf að léttast | 14,6% | 14,1% | 18,4% |
| | Nei, vegna þess að ég þyrfti að þyngjast | 11,1% | 12,3% | 11,8% |
| | Já, ég er að reyna að léttast | 26,9% | 25,4% | 21,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

# HEILSA

## Líkamsmynd

Í svörum við spurningunni „Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með líkamsvöxt þinn?" koma fram gríðarlega neikvæð áhrif af aldri þar sem um helmingur krakka í 6. bekk segist mjög ánægður en það sama má segja um aðeins tæplega fimmtung unglinga í 10. bekk. Meðal hafnfirskra ungmenna má sjá örlítið jákvæðari líkamsmynd meðal sjöttu og áttundu bekkinga en gengur og gerist á landinu í heild.

**Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með líkamsvöxt þinn?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög ánægð/ur | 49,5% | 49,5% | 54,6% |
| | Frekar ánægð/ur | 32,4% | 32,9% | 34,2% |
| | Hvorki ánægð/ur eða óánægð/ur | 12,9% | 12,5% | 6,9% |
| | Frekar óánægð/ur | 4,2% | 4,0% | 3,6% |
| | Mjög óánægð/ur | 1,1% | 1,1% | 0,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög ánægð/ur | 29,2% | 31,1% | 37,6% |
| | Frekar ánægð/ur | 37,8% | 37,3% | 29,2% |
| | Hvorki ánægð/ur eða óánægð/ur | 19,3% | 18,7% | 21,9% |
| | Frekar óánægð/ur | 10,2% | 9,6% | 8,1% |
| | Mjög óánægð/ur | 3,5% | 3,3% | 3,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög ánægð/ur | 19,1% | 19,7% | 20,4% |
| | Frekar ánægð/ur | 37,7% | 38,7% | 38,6% |
| | Hvorki ánægð/ur eða óánægð/ur | 22,1% | 22,2% | 22,5% |
| | Frekar óánægð/ur | 14,8% | 13,6% | 14,0% |
| | Mjög óánægð/ur | 6,2% | 5,7% | 4,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Myndin hér að neðan sýnir samanburð á hversu stór hluti evrópskra 15 ára unglinga upplifa sig of feita. Samanborið við önnur lönd virðast íslenskir unglingar hafa jákvæðari mynd af sjálfum sér. En þessi mynd dregur sérstaklega fram það kynjamisvægi sem er í líkamsmynd þar sem um það bil helmingi færri strákar en stelpur telja sig of feita.

**Hlutfall 10. bekkinga sem finnst þeir of feitir**



## Höfuðverkir

Eins og taflan hér að neðan sýnir er mjög algengt að nemendur þjáist af höfuðverkjum og virðist sem tíðni slíkra verkja breytist lítið með aldri. Um 5-10% nemenda segist hafa höfuðverk nær daglega og ef slegið er saman tölum fyrir þá sem segjast fá þá oftar en einu sinni í viku kemur í ljós að það á við um nær fjórðung nemenda. Svör nemenda frá Hafnarfirði skera sig ekki frá öðrum.

**Hversu oft hefur þú fundið fyrir höfuðverk á síðustu 6 mánuðum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Hér um bil daglega | 6,5% | 6,0% | 9,1% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 10,6% | 10,3% | 11,1% |
| | Um það bil vikulega | 13,6% | 12,7% | 12,8% |
| | Um það bil mánaðarlega | 24,0% | 24,1% | 24,6% |
| | Sjaldan eða aldrei | 45,3% | 47,0% | 42,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Hér um bil daglega | 6,2% | 6,3% | 5,6% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 11,7% | 12,1% | 11,7% |
| | Um það bil vikulega | 17,1% | 17,5% | 21,2% |
| | Um það bil mánaðarlega | 25,1% | 24,7% | 21,2% |
| | Sjaldan eða aldrei | 39,9% | 39,5% | 40,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Hér um bil daglega | 6,0% | 5,5% | 6,3% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 13,1% | 13,9% | 19,0% |
| | Um það bil vikulega | 17,1% | 17,4% | 17,5% |
| | Um það bil mánaðarlega | 25,4% | 24,9% | 19,0% |
| | Sjaldan eða aldrei | 38,3% | 38,3% | 38,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Depurð

Minnihluti nemenda finnur sjaldan eða aldrei fyrir depurð. Talsverður fjöldi yngstu þátttakendanna sagðist finna oft fyrir depurð og það hlutfall jókst með aldri. Á milli 10-15% sjöttu bekkinga sagðist upplifa slíkt oftar en einu sinni í viku en það sama átti við um fjórðung tíundu bekkinga. Það er helst meðal áttundu bekkinga sem finna fyrir depurð daglega sem hafnfirsk ungmenni skera sig að einhverju leyti frá öðrum.

**Hversu oft hefur þú fundið fyrir depurð á síðustu 6 mánuðum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Hér um bil daglega | 5,4% | 4,8% | 4,8% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 9,6% | 9,4% | 9,5% |
| | Um það bil vikulega | 15,9% | 14,8% | 13,9% |
| | Um það bil mánaðarlega | 26,8% | 27,3% | 25,5% |
| | Sjaldan eða aldrei | 42,2% | 43,6% | 46,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Hér um bil daglega | 6,3% | 6,5% | 9,4% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 9,5% | 9,3% | 9,4% |
| | Um það bil vikulega | 16,0% | 15,7% | 16,4% |
| | Um það bil mánaðarlega | 27,1% | 26,8% | 22,5% |
| | Sjaldan eða aldrei | 41,0% | 41,7% | 42,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Hér um bil daglega | 9,1% | 8,4% | 8,2% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 13,1% | 13,7% | 16,6% |
| | Um það bil vikulega | 16,7% | 17,8% | 18,7% |
| | Um það bil mánaðarlega | 26,0% | 25,4% | 25,4% |
| | Sjaldan eða aldrei | 35,0% | 34,8% | 31,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Á súluritinu er tekið dæmi af 6. bekkingum og hversu margir þeirra upplifa depurð oftar en einu sinni í viku. Eins og sjá má finna íslenskir drengir oftar fyrir slíku en jafnaldrar þeirra í Evrópu í heild sem og á öllum Norðurlöndunum. Stúlkur upplifa frekar depurð en drengir og í þessum samanburði eru það aðeins þær dönsku sem gera það oftar en þær íslensku.



## Svefn

Örlítið virðist draga úr svefnörðugleikum með hækkandi aldri þátttakenda en engu að síður segjast um 10% allra nemenda í 10. bekk eiga erfitt með svefn á nærri því hverri nóttu. Í raun má segja að aðeins rétt rúmlega helmingur unglinganna eigi sjaldan í vandræðum með svefn, þ.e. mánaðarlega eða sjaldnar. Svefnörðugleikar meðal barna í Hafnarfirði kunna að vera örlítið algengari en annars staðar á landinu.

**Hversu oft hefur þú fundið fyrir svefnörðugleikum á síðustu 6 mánuðum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Hér um bil daglega | 14,0% | 13,5% | 16,3% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 13,7% | 13,2% | 13,6% |
| | Um það bil vikulega | 14,7% | 14,6% | 13,6% |
| | Um það bil mánaðarlega | 19,1% | 19,0% | 19,7% |
| | Sjaldan eða aldrei | 38,6% | 39,7% | 36,9% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Hér um bil daglega | 12,2% | 11,8% | 11,9% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 14,4% | 14,9% | 16,9% |
| | Um það bil vikulega | 15,3% | 14,2% | 15,3% |
| | Um það bil mánaðarlega | 21,4% | 21,8% | 15,6% |
| | Sjaldan eða aldrei | 36,7% | 37,4% | 40,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Hér um bil daglega | 11,1% | 11,7% | 12,7% |
| | Oftar en einu sinni í viku | 15,2% | 15,3% | 16,1% |
| | Um það bil vikulega | 15,3% | 15,7% | 14,2% |
| | Um það bil mánaðarlega | 21,2% | 20,7% | 19,7% |
| | Sjaldan eða aldrei | 37,2% | 36,6% | 37,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Myndin hér að neðan sýnir hlutfall íslenskra nemenda í 6. bekk sem segjast eiga í erfiðleikum með svefn oftar en einu sinni í viku samanborið við jafnaldra sína annars staðar í Evrópu. Eins og unglingar í Svíþjóð og Danmörku eru íslensk ungmenni líklegri að eiga við slíka örðugleika en gengur og gerist í Evrópu. Í öllum löndum eru það stúlkur sem frekar glíma við þessi vandamál en strákar.




## Tannburstun

Aðeins tæplega 70% nemenda í 6. bekk burstar tennur sínar tvisvar á dag eða oftar. Þetta hlutfall hækkar örlítið með aldri en alls ekki í öllum landshlutum. Um fjórðungur burstar einu sinni á dag og afgangurinn enn sjaldnar.

| Hvað burstar þú oft í þér tennurnar? | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Oftar en einu sinni á dag | 68,6% | 69,8% | 71,6% |
| | Einu sinni á dag | 28,7% | 27,4% | 25,4% |
| | A.m.k. einu sinni í viku | 1,8% | 2,0% | 1,7% |
| | Sjaldnar en einu sinni í viku | ,5% | ,5% | 1,0% |
| | Aldrei | ,3% | ,4% | ,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Oftar en einu sinni á dag | 68,0% | 71,6% | 72,8% |
| | Einu sinni á dag | 28,5% | 25,8% | 23,6% |
| | A.m.k. einu sinni í viku | 2,4% | 1,9% | 3,6% |
| | Sjaldnar en einu sinni í viku | ,7% | ,4% | |
| | Aldrei | ,3% | ,4% | |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Oftar en einu sinni á dag | 71,1% | 73,9% | 73,5% |
| | Einu sinni á dag | 25,2% | 22,6% | 23,5% |
| | A.m.k. einu sinni í viku | 2,2% | 2,1% | 1,2% |
| | Sjaldnar en einu sinni í viku | ,8% | ,6% | ,3% |
| | Aldrei | ,8% | ,9% | 1,5% |
| **Total** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Á myndinni hér að neðan má sjá samanburð á tannburstun íslenskra 10. bekkinga við Evrópu í heild og Norðurlöndin sérstaklega. Strákar eru alltaf mun latari við tannburstun en stelpur og á meðal íslenskra 10. bekkinga segjast 80% stelpna og 63% stráka gera það oftar en einu sinni á dag.



# OFBELDI

## Þolendur eineltis

Nokkur breytileiki er milli landshluta á tíðni þolenda eineltis en þó er ljóst að eftir því sem unglingarnir eldast fækkar í þessum hópi. Þó vel hafi tekist til í eineltisforvörnum í íslenskum skólum er ljóst að talsvert hlutfall nemenda þarf að þola slíkt ofbeldi mjög oft. Meðal hafnfirskra unglinga eru það einvörðungu 10. bekkingar sem mælast aðeins hærri en gengur og gerist meðal jafnaldra þeirra.

**Hversu oft hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum undanfarna mánuði?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 76,7% | 77,7% | 78,2% |
| | 1-2 | 16,2% | 16,2% | 16,1% |
| | 2-3/mán | 3,2% | 2,9% | 2,5% |
| | Um 1/viku | 1,7% | 1,3% | 1,1% |
| | Oftar | 2,2% | 2,1% | 2,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 81,2% | 82,4% | 78,2% |
| | 1-2 | 13,3% | 12,9% | 17,2% |
| | 2-3/mán | 2,7% | 2,1% | 2,0% |
| | Um 1/viku | 1,5% | 1,4% | 1,5% |
| | Oftar | 1,4% | 1,3% | 1,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 88,4% | 88,8% | 84,8% |
| | 1-2 | 7,6% | 7,8% | 9,1% |
| | 2-3/mán | 1,9% | 1,7% | 3,0% |
| | Um 1/viku | ,9% | ,9% | 1,5% |
| | Oftar | 1,2% | ,9% | 1,5% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Eins og sést á súluritinu hér að neðan upplifa 6. bekkingar á öllum Norðurlöndunum að Finnlandi undanskildu sjaldnar einelti en jafnaldrar þeirra annars staðar í Evrópu.

**Hlutfall 6. bekkinga sem hafa verið lagðir í einelti a.m.k. tvisvar á síðustu tveimur mánuðum.**



## Gerendur eineltis

Þegar nemendur voru spurðir að því „Hversu oft hefur þú tekið þátt í að leggja annan nemanda í einelti í skólanum á undanförnum mánuðum?“ kom í ljós að langflestir sögðust aldrei hafa tekið þátt í slíku. Þó eru nokkrir sem gangast við því að þeir séu mjög virkir í því að leggja aðra í einelti – á milli 1-4% segist gera það oftar en einu sinni í viku og önnur 1-3% gerir það um það bil einu sinni í viku. Í samræmi við það að hafnfirskir 10. bekkingar eru frekar lagðir í einelti kemur í ljós að þeir eru einnig líklegri til að leggja í einelti en jafnaldrar þeirra annars staðar af landinu.

| **Hversu oft hefur þú tekið þátt í að leggja annan nemanda í einelti á undanförnum mánuðum?** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Landið allt** | **Höfuðborgarsvæðið** | **Hafnarfjörður** |
| **6. bekkur** | Aldrei | 89,0% | 90,3% | 86,8% |
| | 1-2 | 9,7% | 8,5% | 11,4% |
| | 2-3/mán | ,9% | ,8% | 1,4% |
| | Um 1/viku | ,2% | ,2% | |
| | Oftar | ,2% | ,2% | ,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **8. bekkur** | Aldrei | 89,4% | 89,8% | 90,5% |
| | 1-2 | 9,7% | 9,3% | 9,0% |
| | 2-3/mán | ,2% | ,2% | |
| | Um 1/viku | ,2% | ,3% | |
| | Oftar | ,4% | ,4% | ,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **10. bekkur** | Aldrei | 91,6% | 92,0% | 90,2% |
| | 1-2 | 6,8% | 6,4% | 7,0% |
| | 2-3/mán | ,8% | ,8% | ,9% |
| | Um 1/viku | ,2% | ,2% | |
| | Oftar | ,6% | ,7% | 1,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

### Viðbrögð umsjónakennara við einelti

Nemendur voru beðnir um að taka afstöðu til fullyrðingarinnar: „Umsjónarkennarinn minn bregst alltaf við þegar það kemur upp einelti í bekknum“. Langflestir sögðust vera frekar eða mjög sammála þessari fullyrðingu en eitthvað dró úr jákvæðninni með hækkandi aldri nemendanna. Það er að hafnfirskir áttundu bekkingar séu neikvæðir í svörum sínum en annars er enginn skýr munur.

**Umsjónakennarinn minn bregst alltaf við þegar það kemur upp einelti í bekknum**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 59,8% | 62,1% | 56,9% |
| | Frekar sammála | 21,7% | 19,0% | 24,7% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 10,0% | 10,1% | 11,2% |
| | Frekar ósammála | 3,6% | 3,8% | 3,4% |
| | Mjög ósammála | 4,9% | 5,1% | 3,7% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 44,8% | 43,8% | 42,6% |
| | Frekar sammála | 29,9% | 28,8% | 27,1% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 15,5% | 16,4% | 16,6% |
| | Frekar ósammála | 5,2% | 6,0% | 5,1% |
| | Mjög ósammála | 4,6% | 5,0% | 8,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 41,0% | 40,7% | 46,6% |
| | Frekar sammála | 31,0% | 30,7% | 29,6% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 18,6% | 19,0% | 13,9% |
| | Frekar ósammála | 4,8% | 5,0% | 4,6% |
| | Mjög ósammála | 4,5% | 4,7% | 5,2% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Viðbrögð annarra nemenda við einelti

Þátttakendur voru einnig beðnir um að segja hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni: „Ef nemendur sem verða vitni af einelti skipta sér af þá hættir eineltið“. Ekki voru allir sannfærðir um að sú væri raunin. Svör nemenda frá Hafnarfirði skáru sig ekki með skýrum hætti frá svörum nemenda annars staðar af landinu.

**Ef nemendur sem verða vitni af einelti skipta sér af þá hættir eineltið**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 23,5% | 25,7% | 23,2% |
| | Frekar sammála | 26,7% | 25,8% | 26,6% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 30,2% | 29,7% | 25,6% |
| | Frekar ósammála | 9,8% | 9,6% | 10,9% |
| | Mjög ósammála | 9,7% | 9,3% | 13,7% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 15,0% | 15,1% | 15,8% |
| | Frekar sammála | 28,0% | 27,8% | 23,3% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 37,4% | 36,3% | 35,3% |
| | Frekar ósammála | 12,6% | 13,1% | 14,7% |
| | Mjög ósammála | 7,0% | 7,8% | 10,9% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 16,7% | 16,4% | 13,9% |
| | Frekar sammála | 28,9% | 29,4% | 30,7% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 37,4% | 37,4% | 36,2% |
| | Frekar ósammála | 11,3% | 10,9% | 12,1% |
| | Mjög ósammála | 5,8% | 6,0% | 7,1% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Þekking á eineltisáætlun

Þegar nemendur voru beðnir um að segja hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni: „Ég þekki eineltisáætlun skólans míns og veit hvernig hún virkar“ kom í ljós athyglisvert mynstur í svörun. Um 30% sjöttu bekkinga sögðust vera „Mjög ósammála“ sem var nákvæmlega sama hlutfall og var „Mjög sammála“. Þekking á eineltisáætlun batnaði með hækkandi aldri nemenda. Nemendur í Hafnarfirði virðast hafa nokkuð betri þekkingu en jafnaldrar þeirra.

**Ég þekki eineltisáætlun skólans míns og veit hvernig hún virkar**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 29,6% | 28,9% | 34,7% |
| | Frekar sammála | 14,7% | 14,1% | 11,7% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 18,2% | 18,1% | 20,6% |
| | Frekar ósammála | 7,6% | 7,7% | 8,9% |
| | Mjög ósammála | 29,9% | 31,1% | 24,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 25,0% | 24,5% | 31,6% |
| | Frekar sammála | 21,1% | 20,1% | 19,5% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 23,1% | 23,6% | 22,4% |
| | Frekar ósammála | 9,4% | 9,3% | 6,0% |
| | Mjög ósammála | 21,4% | 22,4% | 20,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 24,6% | 23,0% | 23,5% |
| | Frekar sammála | 24,6% | 24,3% | 26,0% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 24,8% | 25,7% | 24,5% |
| | Frekar ósammála | 9,8% | 10,1% | 11,0% |
| | Mjög ósammála | 16,2% | 16,8% | 15,0% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Ótti við einelti

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir þorðu stundum ekki í skólann af ótta við einelti kom í ljós að þetta átti við um töluverðan hluta, einkum og sér í lagi yngri nemendur. Þetta er í samræmi við þá hugmynd að einelti hafi ekki aðeins neikvæð áhrif á þolendur heldur smitist óttinn yfir á aðra nemendur. Í Hafnarfirði er staðan svipuð.

**Ég þori stundum ekki í skólann af ótta við neikvæða stríðni og einelti**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Mjög sammála | 7,2% | 6,9% | 9,3% |
| | Frekar sammála | 4,8% | 4,3% | 4,8% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 10,3% | 9,5% | 11,7% |
| | Frekar ósammála | 7,9% | 7,5% | 7,6% |
| | Mjög ósammála | 69,8% | 71,9% | 66,7% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Mjög sammála | 5,7% | 5,7% | 8,6% |
| | Frekar sammála | 4,0% | 4,1% | 4,6% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 9,2% | 8,1% | 8,3% |
| | Frekar ósammála | 8,8% | 8,9% | 7,2% |
| | Mjög ósammála | 72,4% | 73,3% | 71,3% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Mjög sammála | 5,1% | 5,6% | 6,7% |
| | Frekar sammála | 3,7% | 3,4% | 2,4% |
| | Hvorki sammála né ósammála | 7,6% | 6,7% | 7,6% |
| | Frekar ósammála | 7,4% | 7,6% | 8,3% |
| | Mjög ósammála | 76,2% | 76,7% | 74,9% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Slagsmál

Langflestir nemendur höfðu aldrei lent í slagsmálum á síðustu 12 mánuðum. Yngri nemendurnir voru líklegri til þess en þeir eldri og nokkur munur sést milli landshluta. Hafnfirsk ungmenni í öllum aldurshópum virðast líklegri til þess að lenda í slagsmálum en krakkar af öðrum svæðum.

**Síðastliðna 12 mánuði, hversu oft hefur þú lent í slagsmálum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 68,6% | 69,4% | 66,2% |
| | 1 sinni | 16,2% | 16,1% | 17,6% |
| | 2 sinnum | 6,4% | 6,7% | 4,7% |
| | 3 sinnum | 3,6% | 3,1% | 4,7% |
| | Oftar | 5,2% | 4,7% | 6,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 73,3% | 73,2% | 67,7% |
| | 1 sinni | 13,9% | 14,6% | 18,4% |
| | 2 sinnum | 5,8% | 5,3% | 4,2% |
| | 3 sinnum | 2,5% | 2,5% | 4,5% |
| | Oftar | 4,6% | 4,4% | 5,1% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 84,0% | 84,4% | 81,0% |
| | 1 sinni | 7,2% | 7,3% | 8,1% |
| | 2 sinnum | 3,6% | 3,5% | 4,7% |
| | 3 sinnum | 2,0% | 1,8% | 1,9% |
| | Oftar | 3,2% | 2,9% | 4,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

# VÍMUEFNANEYSLA

## Reykingar

Í töflunni hér að neðan má sjá hversu stórt hlutfall nemenda viðurkennir að hafa prófað að reykja og hversu oft þau hafa gert það. Þó reykingar íslenskra unglinga séu með allra lægsta móti miðað við önnur lönd, þá er ljóst að um 5% nemenda í 10. bekk eru farnir að reykja að staðaldri. Reykingar hafnfirskra unglinga skera sig ekki frá öðrum.

| **Hversu marga daga um ævina (ef nokkra) hefur þú reykt sígarettur?** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Landið allt** | **Höfuðborgarsvæðið** | **Hafnarfjörður** |
| **6. bekkur** | Aldrei | 98,4% | 98,6% | 98,6% |
| | 1-2 | 1,0% | ,8% | 1,4% |
| | 3-5 | ,2% | ,1% | |
| | 6-9 | | | |
| | 10-19 | ,1% | ,1% | |
| | 20-29 | | | |
| | Oftar | ,2% | ,3% | |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **8. bekkur** | Aldrei | 95,5% | 95,9% | 95,7% |
| | 1-2 | 2,6% | 2,3% | 2,3% |
| | 3-5 | ,6% | ,7% | ,9% |
| | 6-9 | ,2% | ,3% | ,3% |
| | 10-19 | ,3% | ,1% | ,3% |
| | 20-29 | ,1% | ,1% | |
| | Oftar | ,7% | ,6% | ,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **10. bekkur** | Aldrei | 87,2% | 87,0% | 86,6% |
| | 1-2 | 4,2% | 4,0% | 5,3% |
| | 3-5 | 1,8% | 1,8% | 0,6% |
| | 6-9 | ,8% | ,9% | ,9% |
| | 10-19 | ,6% | ,7% | |
| | 20-29 | ,5% | ,7% | ,9% |
| | Oftar | 4,9% | 5,0% | 5,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Á súluritinu hér að neðan sést samanburður á hlutfalli 10. bekkinga sem hafa nokkru sinni prófað að reykja. Eins og glögglega kemur í ljós eru íslenskir unglingar langtum ólíklegri til þess að prófa slíkt en jafnaldrar þeirra á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu.

**Hlutfall 10. bekkinga sem hafa prófað að reykja**



## Tóbaksforvarnir

Um helmingur nemenda í sjötta bekk segist hafa fengið fræðslu um skaðsemi tóbaks en hlutfallið eykst hratt með aldri og tæplega 90% tíundu bekkinga hefur fengið slíkt. Tvennt er þó umhugsunarvert þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar. Í fyrsta lagi má velta því fyrir sér hvers vegna hlutfall þeirra sem hafa fengið fræðslu um skaðsemi tóbaks nær ekki 100% og í öðru lagi má spyrja hvort ekki sé ráðlegra að hefja hana fyrr. Í töflunni hér á undan um reykingar má sjá að nokkur hluti nemenda er farinn að fikta þegar í sjötta bekk en aðeins helmingur nemenda í þeim aldurshóp hefur fengið fræðslu. Þetta á ekki síst við í Hafnarfirði.

**Hefurðu fengið fræðslu í skólanum um varnir gegn reykingum‘**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Já | 51,9% | 48,2% | 36,9% |
| | Nei | 30,4% | 32,9% | 40,3% |
| | Veit ekki | 17,7% | 18,9% | 22,7% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Já | 84,9% | 84,2% | 88,7% |
| | Nei | 8,4% | 8,8% | 7,1% |
| | Veit ekki | 6,8% | 7,0% | 4,2% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Já | 87,8% | 88,1% | 86,0% |
| | Nei | 7,0% | 7,1% | 9,4% |
| | Veit ekki | 5,2% | 4,8% | 4,6% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Tóbak í vör

Aðeins nemendur í 10. bekk voru spurðir að því hvort þeir hefðu notað tóbak í vör. Talsverður hluti hefur prófað slíkt en það er þó nokkuð misjafnt eftir landshlutum. Á milli 2-7% tíundu bekkinga hafa notað tóbak í vör mjög oft.

**Hversu marga daga (ef nokkra) hefur þú notað tóbak í vörina?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 10. bekkur | Aldrei | 89,4% | 89,7% | 88,9% |
| | 1-2 | 4,2% | 4,1% | 4,9% |
| | 3-5 | 1,5% | 1,5% | 2,5% |
| | 6-9 | ,8% | ,6% | |
| | 10-19 | ,8% | ,9% | ,6% |
| | 20-29 | ,3% | ,4% | ,6% |
| | Oftar | 3,1% | 2,9% | 2,5% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Áfengisdrykkja

Áfengisneysla íslenskra unglinga hefur dregist mjög saman síðustu áratugi. Í þessari rannsókn kom í ljós að um 5% sjöttu bekkinga hafði prófað áfengi og þar af flestir aðeins einu sinni eða tvisvar. Sífellt fleiri prófa eftir því sem hópurinn eldist en meðal tíundu bekkinga segjast samt um 70% aldrei hafa smakkað vín. Hins vegar eru einstaklingar innan þessa aldurshóps sem hafa drukkið mjög oft. Hafnfirskir unglingar í 6. og 8. bekk fylgja jafnöldrum sínum en í 10. bekk eru þeir yfir landsmeðaltali – sérstaklega þar sem tíðasta áfengisneyslan er mæld.

**Hversu marga daga um ævina (ef nokkra) hefur þú drukkið áfengi?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 94,9% | 95,5% | 95,6% |
| | 1-2 | 3,9% | 3,5% | 3,4% |
| | 3-5 | ,7% | ,5% | ,3% |
| | 6-9 | ,4% | ,3% | ,3% |
| | 10-19 | ,0% | ,0% | |
| | Oftar | ,1% | ,1% | ,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 88,5% | 88,7% | 87,1% |
| | 1-2 | 7,7% | 7,3% | 6,6% |
| | 3-5 | 1,9% | 2,3% | 3,4% |
| | 6-9 | 1,0% | ,9% | 2,0% |
| | 10-19 | ,4% | ,3% | |
| | 20-29 | ,1% | ,0% | ,3% |
| | Oftar | ,5% | ,6% | ,6% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 70,6% | 70,1% | 65,1% |
| | 1-2 | 12,7% | 12,8% | 16,8% |
| | 3-5 | 6,8% | 6,8% | 5,5% |
| | 6-9 | 3,0% | 3,3% | 3,4% |
| | 10-19 | 2,8% | 2,6% | 2,4% |
| | 20-29 | 1,0% | 1,2% | 2,4% |
| | Oftar | 3,1% | 3,1% | 4,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Súluritið hér að neðan sýnir hlutfall 10. bekkinga sem drekka áfengi einu sinni í viku að minnsta kosti. Eins og sjá má eru öll Norðurlöndin, að Danmörku undanskilinni, varla hálfdrættingar miðað við önnur lönd í Evrópu. Aðeins 2% íslenskra stúlkna í 10. bekk drekka svo oft en það gera hins vegar 12% danskra stúlkna. Sambærilegar tölur fyrir stráka eru 3% fyrir þá íslensku samanborið við 20% hjá þeim dönsku.

**Hlutfall 10. bekkinga sem drekka áfengi vikulega eða oftar**



## Ofurölvun

Þó mikilvægt sé að greina hvort unglingar séu farnir að smakka vín þá er ekki síður brýnt að skoða tíðni ofurölvunar. Þess vegna voru nemendurnir beðnir um að svara spurningunni: „Hefur þú einhvern tíma á ævinni drukkið svo mikið áfengi að þú hefur orðið blindfull(ur)?“ Af svörunum má ráða að nokkur breyting verður á árunum milli 8. og 10. bekkjar þar sem þeim nemendum fjölgar mjög sem orðið hafa ofurölvi. Á þessari mælingu koma 10. bekkingarnir frá Hafnarfirði einnig aðeins verr út en jafnaldrar.

**Hefur þú einhvern tíma drukkið svo mikið áfengi að þú hefur orðið blindfull(ur)?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Aldrei | 99,0% | 99,2% | 99,0% |
| | 1-2 | ,8% | ,6% | 1,0% |
| | 3-5 | ,1% | ,1% | |
| | 6-9 | ,0% | | |
| | 10-19 | ,0% | ,0% | |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Aldrei | 97,7% | 97,6% | 97,7% |
| | 1-2 | 1,2% | 1,4% | 1,1% |
| | 3-5 | ,5% | ,4% | ,9% |
| | 6-9 | ,1% | ,2% | |
| | 10-19 | ,4% | ,4% | ,3% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Aldrei | 88,6% | 88,3% | 84,4% |
| | 1-2 | 4,8% | 4,7% | 6,4% |
| | 3-5 | 2,9% | 3,4% | 4,9% |
| | 6-9 | 1,5% | 1,6% | 1,5% |
| | 10-19 | 2,2% | 2,0% | 2,8% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Forvarnir gegn áfengi

Eins og sést í töflunni að neðan telur aðeins um helmingur barna í sjötta bekk sig hafa fengið fræðslu um skaðsemi áfengis. Það sama segja um 85% tíundu bekkinga og má velta því fyrir sér hvers vegna þær tölur eru ekki hærri. Hafnfirsku ungmennin eru líklegri til þess að telja sig ekki hafa fengið þessa fræðslu en jafnaldrar þeirra annars staðar af landinu.

**Hefurðu fengið fræðslu í skólanum um varnir gegn áfengi?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Já | 46,2% | 44,3% | 35,2% |
| | Nei | 34,7% | 36,3% | 44,0% |
| | Veit ekki | 19,1% | 19,4% | 20,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Já | 72,0% | 70,8% | 69,0% |
| | Nei | 15,4% | 16,4% | 18,2% |
| | Veit ekki | 12,6% | 12,8% | 12,8% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Já | 84,4% | 84,1% | 80,1% |
| | Nei | 8,5% | 8,4% | 11,4% |
| | Veit ekki | 7,1% | 7,5% | 8,4% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

## Kannabisneysla

Nemendur í 10. bekk voru spurðir um reynslu sína af kannabis. Tæplega 7% þeirra hafði reynslu af slíku en tíðnin var nokkuð breytileg eftir landshlutum. Hlutfall íslenskra unglinga sem prófað hefur kannabis hefur farið örlítið minnkandi síðustu tvo áratugi en hins vegar hefur þeim fjölgað sem eru í mikilli kannabisneyslu. Eins og sést á þessari töflu þá segjast um 2% unglinga hafa notað kannabis 30 sinnum eða oftar. Það þýðir að ef í hverjum árgangi eru 4 þúsund unglingar þá eru rúmlega 80 þeirra í mjög þungri neyslu. Tíðni kannabisneyslu í Hafnarfirði er svipuð og á öðrum stöðum.

**Hefur þú notað kannabisefni (hass eða marijúana) um ævina?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 10. bekkur | Aldrei | 93,3% | 92,4% | 92,9% |
| | 1-2 | 2,0% | 2,3% | 2,8% |
| | 3-5 | 1,0% | 1,1% | 1,2% |
| | 6-9 | ,8% | 1,0% | ,9% |
| | 10-19 | ,5% | ,6% | ,3% |
| | 20-29 | ,3% | ,2% | |
| | Oftar | 2,1% | 2,3% | 1,8% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Á súluritinu sést samanburður á því hversu hátt hlutfall nemenda í 10. bekk hafa einhvern tíma prófað kannabis. Meðaltalið fyrir Evrópu er 15% meðal stráka en 17% fyrir stelpur. Eins og sést er Ísland á líku reki og Svíþjóð en hér á landi hafa 7% stráka og 5% stelpna prófað efnið. Noregur mælir ekki kannabisneyslu.



### Kynlíf og smokkanotkun

Aðeins var spurt um reynslu af kynlífi meðal nemenda í 10. bekk. Um fjórðungur þeirra sagðist hafa haft samfarir en það var reyndar nokkuð breytilegt eftir landshlutum. Af þeim sem höfðu sofið hjá sögðust um 65% hafa notað smokka til getnaðarvarna. Notkun þeirra var ekki mismunandi eftir landshlutum. Hafnfirsk ungmenni eru almennt fyrr til að byrja að stunda kynlíf en jafnaldrar þeirra.

| Hefur þú einhvern tímann haft samfarir (stundum kallað að sofa hjá)? | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | **Landið allt** | **Höfuðborgarsvæðið** | **Hafnarfjörður** |
| **10. bekkur** | Nei | 76,2% | 77,3% | 71,7% |
| | Já | 23,8% | 22,7% | 28,3% |
| **Heild** | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |

Súluritið að neðan sýnir hlutfall nemenda í 10. bekk sem hefur haft samfarir. Tölurnar eru svipaðar milli þeirra landa sem eru á ritinu nema hvað tíðni kynferðislegrar virkni meðal stúlkna á Norðurlöndunum svipar til strákanna, en þegar horft er á Evrópulöndin í heild er meiri munur milli kynjanna. Noregur spyr ekki um kynhegðun.



### Kynfræðsla

Nemendur í 6., 8. og 10. bekk voru spurðir hvort þeir hefðu fengið kynfræðslu í skólanum. Í ljós kom að í kringum 90% tíundu bekkinga hafði fengið slíkt en það var nokkur munur milli landsvæða. Áberandi var hversu vel nemendur á Austurlandi stóðu. Það er ekki síst athyglisvert með hliðsjón af töflunni á undan en þar kom í ljós að nemendur af því landsvæði voru líklegastir til þess að hafa ekki prófað að sofa hjá. Annað sem vert er að skoða er hversu mikill munur er á því hvenær nemendur byrja að fá kynfræðslu. Um 70% nemenda í 6. bekk á Austurlandi hefur fengið slíka fræðslu samanborið við 30% nemenda á Norðurlandi eystra. Það virðist þó ekki hafa áhrif á hlutfall þeirra sem hafa haft samfarir þegar komið er upp í 10. bekk á því svæði. Hafnfirskir unglingar virðast fá kynfræðslu fyrr en aðrir.

**Hefurðu fengið kynfræðslu í skólanum?**

| | | Landið allt | Höfuðborgarsvæðið | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|---|
| 6. bekkur | Já | 58,7% | 60,8% | 79,1% |
| | Nei | 30,9% | 29,7% | 11,4% |
| | Veit ekki | 10,4% | 9,4% | 9,4% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 8. bekkur | Já | 77,4% | 72,9% | 71,5% |
| | Nei | 14,8% | 18,3% | 20,1% |
| | Veit ekki | 7,8% | 8,8% | 8,4% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| 10. bekkur | Já | 90,5% | 90,4% | 87,9% |
| | Nei | 6,3% | 6,2% | 8,5% |
| | Veit ekki | 3,1% | 3,4% | 3,6% |
| Heild | | 100,0% | 100,0% | 100,0% |